

Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalgötu 16B í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015



Hjá byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá Kaupfélagi Skagfirðinga, eiganda Aðalgötu 16b á Sauðárkróki, um leyfi til að gera breytingar á áður samþykktu byggingarleyfi, leyfi til að breyta húsnæðinu sem áður hýsti minjasafn í gistiheimili.

Umbeðnar breytingarnar varða fyrirhugaðar viðbyggingar við húsnæðið, til norðurs og suðurs, breytingu á útliti og lóð. Áætlaður verktími 18 mánuðir.

Byggingarár hússins er 1946.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Húsið telst hafa miðlungs varðveislugildi sem byggir á miðlungs gildi fyrir umhverfi, upprunaleika og tæknilegt ástand samkvæmt greinargerð um Verndarsvæði í byggð frá 2018 og mati Húsakönnunar Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar frá 2018.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með miðvikudeginu 27. janúar 2021 til og með 10. febrúar 2021 í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefin kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 10. febrúar 2021 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Skagfirðingabraut 17-19 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.

